

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn mánudaginn 4.nóvember 2013 kl. 16.30 að Glerárgötu 26



Fundinn sátu: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Áslaug Kristjánsdóttir, Ármann Ketilsson. Hörður Sigurharðarson og Þóra Leifsdóttir komust ekki. Jósep Sigurjónsson var gestur fundarins undir fyrsta lið.

1. Erindi frá Íþróttafélaginu Akri

Erindi Íþróttafélagsins Akurs um útiþróttasvæði fyrir bogfimi hefur ekki komist til formlegrar afgreiðslu í stjórnkerfinu. Fram kom að um 17-18 aðilar eru að æfa bogfimi innanhúss og einungis gert ráð fyrir innanhúss aðstöðu í framtíðaráætlun bæjarins en þörf er fyrir útiaðstöðu einnig. ÍBA ítrekaði að ósk frá í vor, um útlitshugmynd, verk- og fjárhagsáætlun, verði svarað sem fyrst til þess að koma málinu af stað aftur.

Rætt var um og ákveðið að fá upplýsingar um nefnd sem úthlutar fjármunum í verkefni utan íþróttahreyfingar s.s. útisvæði fyrir almennings hjólréiðar, sem rekast hugsanlega á við hugmyndir Akurs um útisvæðið.

Jósep yfirgaf fundinn.

2. Bréf frá Þorsteini Hjaltasyni varðandi lagasetningu ÍSÍ

Málið var rætt og ákveðið að fá heimild frá Þorsteini til að áframsenda tölvupóstinn til ÍSÍ með óska um viðbrögð frá ÍSÍ við athugasemdinni.

3. Önnur mál

Rædd voru húsnæðismál bardagaíþróttanna og möguleg samlegð. Ákveðið var að kalla saman fulltrúa félaganna, í vinnunefnd um málið.

Þröstur sagði frá 85 ára afmælishófi Léttis og að gefinn hafið verið glervasi.

Ármann og Margrét sögðu frá 5 ára afmæli Draupnis er Ólympíufararnir Freyr Gauti Sigmundsson og Vernharð Þorleifsson voru útnefndir heiðursfélagar.

Ákveðið var að setja auglýsingu um málþingið í Dagskrá og senda tölvupóst aftur á félögin.

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn 29.nóv og mæltist Þröstur til að þeir stjórnarmenn færu sem ættu þess kost.

Ákveðið var að halda formannafund ÍBA 5. desember n.k.

Fundi var slitið kl. 18.00

Margrét Ólafsdóttir ritaði